

Í sjöunda himni býr sólin

Ljóð um ástina

Dr. Guðmundur Sæmundsson aðjunkt við Háskóla Íslands

Í SJÖUNDA HIMNI BÝR SÓLIN

Ljóð um ástina

Bók og hljómdiskur

© 2016: Guðmundur Sæmundsson, Bláskógar ehf
Seltjarnarnesi.

Kápa og umbrot: Guðmundur Sæmundsson og Hreiðar
Þór Sæmundsson, Bláskógar ehf.

Prentun: Litróf prentsmiðja, Reykjavík.

Hljómdiskur: MBV - Myndbandavinnslan og Hljóðriti,
Reykjavík.

Í sjöunda himni býr sólin

Ljóð um ástina

Guðmundur Sæmundsson

BÓK OG HLJÓMDISKUR

Bláskógar ehf

2016

FORMÁLI UM DRAUM

Þetta er fyrsta ljóðabókin mín en ég hef fengist við að yrkja allt frá unglingsaldri, auk þess sem ég hef haft gaman af að þýða ljóð annarra. Lengi vel dreymdi mig um að verða ljóðskáld og gefa út margar bækur en svo gleymdist sá draumur. Hins vegar hef ég síðustu árin látið mig dreyma um að koma út eins og einni ljóðabók. Þegar ég gerði mér ljóst að nú væru að nálgast ákveðin tímamót í lífinu og ég þyrfti að leggja störf mín til margra ára á hilluna tengdi ég þetta saman og fór í alvöru að undirbúa útgáfu slíkrar bókar. Og hér er hún komin, gefin út í tilefni þess að ég verð sjötugur 3. nóvember á þessu ári.

Mér hefur hins vegar snúist hugur að einu leyti. Þetta verður ekki eina ljóðabókin sem ég gef út. Ég á í fórum mínum mikið af ljóðapýðingum og talsvert af eigin ljóðum sem mig langar til að snurfusa og koma út, auk þess sem mér finnst þrælgaman að yrkja ný ljóð um ný viðfangsefni.

Bókin hefur ástina að meginstefi. Það er auðvitað engin tilviljun og engin þörf að útskýra það neitt nánar. Ljóðin fjalla um hvað ástin er og um þá ást sem ég hef upplifað um ævina og sem býr í brjósti mér.

Þá er sérstakur kafli með þýðingum erlendra ástarljóða eftir ýmsa höfunda. Til viðbótar eru tvö ljóð sem tengjast annars konar ást, ást sonar til foreldra sinna. Þetta eru erfiljóðin sem ég orti

á sínum tíma til foreldra minna. Í eftirmála eru þýðingar á ljóðum eftir Bob Dylan.

Án þess að ég vilji lofa nokkru hef ég áform um að halda áfram ljóðabókaútgáfu og þá reikna ég með því fyrirfram að bækurnar fjalli hver um sig um eitt meginstef. Þessi stef gætu verið:

1. Aldur og lífshlaup
2. Heimspeki
3. Þjóðfélagsmál
4. Íþróttir
5. Hugleiðingar
6. Börn
7. Stemningar
8. Fólk
9. Ýmis ljóð

... í þessari röð eða annarri. Nema ég geti ekki slitið mig frá ástinni, hver veit? Hins vegar á ég ekki von á að ég yrki mörg náttúru ljóð eða sálma. Þó mun ekkert öruggt í þessum heimi.

Bókinni fylgir diskur með upplestri mínum á ljóðunum.

Seltjarnarnesi í október 2016
Guðmundur Sæmundsson

LJÓÐASKRÁ

Loforð	9
Ástin hefur hýrar brár	11
Sonnetta um yndislega eiginkonu mína fjörutíu og tveggja ára unga	12
Sjötíu ára ástarsaga	13
Ástin er skemmtilegur barnaskapur	17
Ljóðið sem ekki varð til	18
Meira en allt	19
Það vildi ég	20
Gull	21
Frá ýmsum hliðum	22
Ástarbréf	23
Hugsanir í tilefni ljóðs	25
Það er sama hvað ég reyni	27
Erum við öll hinsegin?	29
Allt er eitt	30
Víst er þér margt til lista lagt	31
Taktu mig aftur í sátt	32
Ástarsorg	33
Það eitt skiptir máli	34
Þú ert farin	36

Þýdd ljóð 37

Það er allt	37
Kvæði um ást	38
Elskendurnir sönnu	39
Að elska	41
Svar til Lí Sjújí	42
Þú þarft ekki	43
Fjallalind	44
Boðið upp í dans	45
Æ níd jú darling	46
Hlýja kona	47
Dýpst kropið á kné	48
Gamlar konur	49
Allt sköpunarverkið stynur	50
Ég held höfði þínu	53
Frá þollaustum stundum	54
Við skulum leika okkur	55
Maginn	56

Tvö erfiljóð 57

Kveðja frá syni	57
Kveðja frá sonum	59

Eftirmáli um Bob Dylan 61

Stúlka að norðan	61
Ég fleygði því öllu frá mér	62
Stígvél úr spænsku leðri	63

Loforð

Í sjöunda himni býr sólin
og sendir geisla sína á mig
Ég er mannfólkið og minnst þess
hve margt býr í þoku hins ókomna

Vorum eins og tvær töfrum slegnar sálir
tvíburar á jörð ókunnugleikans
Enginn veit hvaða hjörtu hittir fyrir
hárfín sending bogastrengsins

Lengi blésu stormar á ströndinni vænu
stöðug hljóð gnauðuðu um vanga
Lengi rann svalt vatnið um vegleysur fjallanna
og vonin þóttist brenna upp eins og kerti

Þegar frækornin fjúka úr öllum áttum
og flýta sér öll á sama áfangastað
lítur Guð upp frá guðlegri sýslan sinni
og gefur upp á nýtt í póker mannlífsins

Í sjöunda himni býr sólin
og sendir geisla sína á mig
Ég er mannfólkið og minnst þess
hve margt býr í þoku hins ókomna

Framundan er fullur haldapoki af glóð
framrás orkunnar sem býr í lífsblóminu
Gagnagrunnur vissunnar gengur í endurnýjun
og grátklökk söngroddin þenur brjóst sitt

Allt vort líf er dásamlegt dirrindí
dísir kyrja söngva sína um nætur
Ljóð flæða lausbeisluð um tungur okkar
og lokkar eru greiddir fyrir norðan

Í sjöunda himni býr sólin
og sendir geisla sína á mig
Ég er mannfólkið og minnst þess
hve margt býr í þoku hins ókomna

Hvers vegna að þegja yfir því sem ég sé?

*Ort á Degi íslenskrar tungu
í tilefni trúlofunar okkar hjóna.
Lag: Atli Sævar Guðmundsson.*

Ástin hefur hýrar brár

Líkami án sálar?
Sál án líkama?
Býr ástin í sálinni eða líkamanum?

Vissulega býr ást mín
í sálinni
í hugsuninni
í tilfinningunum
Hvernig væri annars hægt
að finna hlýju í huga og væntumþykju
virðingu og gleði?
Hvernig væri annars hægt að elska?

En ég elska líka með líkamanum
ég finn hitann í brjósti mér
hjartsláttinn
stjörnurnar í augunum

Mér líður alltaf betur í hjánum
þegar ég elska.

Sonnetta um yndislega eiginkonu mína fjörutíu og tveggja ára unga

Þá fæddist snót á Snæfellsnesi vestur
snjöll og fögur hnáta í Bjarnarhöfn
Ársins fyrsti og fallegasti gestur
hvar fýkur alda og bylgjast sjávardröfn

En heim til Hóla fluttist mögnuð mærin
til mennta sótti í Akureyrarbæ
Jafnt hún mundar sleifarsköft sem skærin
skörp og fær við blóma- og grasafrae

Svo bókafróð fór blómarós að kenna
blíð í huga, ákveðin og sterk
Um ungdóm náði umhyggju að spenna

Ingibjörg nú kannar fræðin merk
Ég var meira en heppinn hrund að finna
hún er yndi vonardrauma minna.

Í tilefni af 42 ára afmæli eiginkonu minnar.

Sjötíu ára ástarsaga

Það er ekki eins og ég viti neitt
um ástina
enda er ég bara gamall guðmundur
úr kleppsholtinu
getinn af Sæmundi þabba sínum
sem elskaði konuna sína
fæddur af Guðrúnu mömmu sinni
sem þótti undurvænt um Sæma sinn
ólst upp á dögum Bjarna Ben eldri sem borgarstjóra

Það er ekki eins og ég viti neitt
um ástina
enda gekk strákstaulinn í Langholtsskóla
og kastaði óvart snjókúlu í Gísla skólastjóra og faldi sig
lærði að lesa og reikna hjá Elínu kennara
en enginn gat kennt honum fallega rithönd
fór svo í Vogaskóla
þar sem hann varð frægur fyrir að þykja íslenska
skemmtilegasta námsgreinin
sérstaklega málfræðin
fyrir að dá Ívar íslenskukennara
og vera ljómandi góður í stærðfræðinni
hjá Lýði Björnssyni sagnfræðingi
Feiminn og hjárænulegur
en varð þó skotinn í stelpu
og fór með henni í langar gönguferðir um Vogahverfið

Það er ekki eins og ég viti neitt
um ástina
enda innritaðist slöttólfurinn í Menntaskólann í Reykjavík
fékk mínus 9 í stafsetningu
í fyrstu stafsetningarprófunum
hjá Jóni Gúmm
varð leikinn í að svara Bodil Sahn
án þess að þera
Hætti eftir fyrsta árið og fór í járnabindingar
Lítill tími í stelpustand en heilmikill töffaraskapur
á eigin bíl og hvaðeina

Það er ekki eins og ég viti neitt
um ástina
enda var töffarinn sendur austur fyrir fjall
í Menntaskólann að Laugarvatni
Hitti þar ofjarla sína í áfengisneyslu
reykti eins og strompur og varð antisportisti
Diskúteraði endalaust við Óla Briem um Völuspá
og við Jóhann skólameistara um heimspeki
við Þóri Ólafsson um gagnsleysi efnavísinda
Eignaðist kærustu og rauðhærðan son
alveg yndislegan

Það er ekki eins og ég viti neitt
um ástina
enda fór gáfnaljósið nú í háskóla
gerðist virkur í stjórnmálum
varð Hannibalisti
en þóttist alltaf vera á móti Hannibal
vann og drakk og duflaði
og lærði lítið
en lauk þó því skólanámi sem ljúka þurfti
eignaðist dóttur og kvæntist

Það er ekki eins og ég viti neitt
um ástina
enda lá leiðin næst til Noregs
með konu og dóttur
þar sem safnað var hári og barist gegn Bretum
Pólitík tók meiri tíma en námið
sem sat á hakanum
Flúði til Bergen fráskilinn
í hið ljúfa rigningarlíf
eignaðist son

Það er ekki eins og ég viti neitt
um ástina
enda fer ekki fleiri sögum af gaurnum
hann þvældist til Reykjavíkur
Akureyrar
Grafarvogs
Hann eignaðist þrjá fagra syni í viðbót
kvæntist öðru sinni
og skildi – öðru sinni

Það er ekki eins og ég viti neitt
um ástina
gerðist útlagi skuldum vafinn
í Skógum undir Eyjafjöllum
varpaði af sér byrðinni
á Laugarvatni

Það er ekki eins og ég viti neitt
um ástina
enda varð karlinn ástfanginn á ný
kominn hátt á sextugsaldurinn
kvæntist í þriðja sinn
lífið er yndislegt

Það er ekki eins og ég viti neitt
um ástina
en ósköp hefur þó ástarsaga mín verið skemmtileg
Ég bý nú á Seltjarnarnesi
á níu barnabörn og meira að segja tvö barnabarnabörn ...
og ég elska konuna mína af öllu hjarta

Ástin er skemmtilegur barnaskapur

Kær bróðir
sagðist líta á ástina
sem skemmtilegan barnaskap
... og stundum óskemmtilegan

Góð skilgreining
líti menn á bernskuna í sjálfum sér
sem eftirsóknarverðan eiginleika
sem öllum beri að finna á ný

Skemmtileg er hún
satt er það
Ég veit fátt skemmtilegra

Óskemmtileg?
Nei, þá er það eitthvað annað
sem truflar:
Samviskubit
Lemstruð fortíð
Skilningsleysi
...

Já já kæri bróðir
ástin er skemmtilegur barnaskapur
ef ekki er skortur á bernsku

Ljóðið sem ekki varð til

Eins og allir vita sem hér eru inni - eða a.m.k. flestir - hef ég alla ævi gengið með skáldadraumum í maganum.

Ég ætlaði því að yrkja ljóð um yndislegu konuna mína, þar sem ég faðmaði hana með fallegum orðum, dásamaði hana fyrir allt sem hún er og sýndi henni hvað mér væri annt um hana.

Því það er mér svo sannarlega.

En þá bregður svo við að mig brestur orð.

Sjálfur tjáningarkennarinn kemur ekki orðum að hugsun sinni.

Sjálfu ljóðskáldinu tekst ekki að tjá sig.

Sem betur fer held ég að þetta komi allt síðar og þá mun ég yrkja svo mörg ljóð til hennar að henni verður nóg um.

Þessi kona á ekki bara skilið eitt ljóð eða tvö, heldur öll þau ljóð sem ég næ að semja.

Ég er þegar farinn að hugsa um ljóðabókina sem ég fylli af ljóðum til hennar.

Eða ljóðum sem ég get tileinkað henni á einhvern hátt.

En í dag - því miður - varð ekkert ljóð til.

Nema ein stutt setning sem fær vængi og flýgur út úr hjarta mínu.

Ein setning sem mér tekst með erfiðismunum að stynja upp:

Ástin mín, ég þakka þér fyrir að vera komin inn í líf mitt!

Í tilefni brúðkaups okkar hjóna.

Meira en allt

Ég á yndislega konu
sem er mér allt

Stundum er ekkert meira um það að segja

Það vildi ég

Ég vildi að ég væri hinn fullkomni eiginmaður
þá væri ég verðugur fullkominnar eiginkonu

Ég vildi að ég hefði kynnst þér fyrr
þá ætti ég enn fleiri minningar með þér
hefði hvíslað að þér fleiri ástarorðum
og haldist oftari í hendur við þig

Ég vildi að ég væri opnari en ég er
þá hefði ég örugglega sagt þér oftari
hve vænt mér þykir um þig
hversu mikils virði þú ert mér
hve heitt ég elska þig

Ég vildi ég væri örlítið fjáðari en ég er
þá gæti ég fært þér fleiri gjafir
farið með þér í fleiri ferðalög
búið með þér í rúmbetri íbúð
og ekið um í traustari bíl með þér - því að:
Frúin hlær í betri bíl – frá bílasölu Guðfinns!

Ég vildi að ég væri yngri en ég er
þá ætti ég sjálfsagt eftir að eiga lengri framtíð með þér
En ...
af eintómri löngun til að upplifa sem mest af þér
og missa ekki af neinu
verð ég kannski allra karla elstur

Gull

Þú ert gull
þú ert gimsteinn
gull í huga og hári
Fingurgull
gaf ég þér
því elska ég gull sem glóir

Þú ert gull
gull hið ytra
þú gullbrydd ert að innan
gyllt er brá
og gullinn svipur
ég gullna brosið elska

Þú ert gull
gullinn rómur
orðin gjörð af gulli
hjartað gull
og gull í tá
úr gulli allt þitt eðli

Þú ert gull
gullið fagra
lífsgull dags og drauma
Lokkar gull
seiðir gull
af gulli lífið ljómar

Frá ýmsum hliðum

Auðvitað elska ég
alla þá kosti
minni sem meiri
og magnaðar dygðir
Hreyfingar hlýjar
hugljúfar kveðjur
færni og fegurð
fljóðsins míns eina

En meira er að marka
og miklu betra
að gallana góðu
ég gjarnan dái
Fáir þó finnast
og fljóðið ei skemma
litlir og leyndir
þeir lífsanda krydda

Fegnastur fira
finnst mér þó vera
að mey sú hin mæta
mig skuli elska
þvermóðsku þola
þumbara unna
Mest gæfa er gripin
að eg gefinn var henni

Ástarbréf

Seltjarnarnesi 11. ágúst 2016

Elsku kona. Ég skrifa þér þetta bréf til að segja þér hve heitt ég elska þig. Það var svo skrítið að þegar ég sá þig fyrst sumardag einn vissi ég að nú væri leitinni lokið. Ég varð heitur inni í mér og blóðþrýstingurinn fór upp í 180/100 í nokkrar vikur þrátt fyrir blóðþrýstingslyfin. Í mörg ár áður en við hittumst þarna hafði ég verið dapur í sinni og þungur, vonlítill og þreyttur. Sumum fannst ég nánast þunglyndur þótt ég yrði þess ekki var sjálfur. En þarna breyttist allt og sérstaklega eftir að þú réðst þig til starfa á sama vinnustað og ég. Skyndilega varð svo undurgaman að lifa, hver dagur varð ævintýri. Auðvitað urðum við ekki þar með það sama. Það þurfti að yfirstíga ýmsar hindranir og leyfa tilfinningunum að þróast. Við unnum mikið saman, hjálpuðum hvort öðru, ræddum um starfið og lífið og tilveruna og fundum smátt og smátt samstillingu huganna. Við urðum vinir. Það var eins og við hefðum þekkt alla ævi. Fólk sem fylgdist með okkur þessa mánuði sagði mér síðar að margir hefðu vitað það mun betur en við hvernig þetta mundi enda. Við urðum þar, trúlofuðumst, keyptum okkur sælureit og hófum búskap saman með yngsta syni mínum sem þá var á mínum vegum. Síðan hefur tíminn liðið og nú er eins og við höfum alltaf verið saman. Ég er þér ævinlega þakklátur fyrir að faðma svo vel að þér fortíð mína og hjálpa mér að samræma hana nýju lífi með þér.

Við giftum okkur svo, Guð hvað þú varst falleg og yndisleg brúður! Ég gekk um með stjörnur í augum og ástarroða í kinnum. Ég elskaði þig þá og elska þig jafnheitt nú. Heimilið okkar á nýjum stað er þrengra en þröngt mega sáttir sitja – veggir og víðátta ráða litlu um ástina. Elsku, hjartans kona, ég á þér svo margt að þakka og elska þig svo heitt að ég get ekki einu sinni komið orðum að því. Þú ert heilladísín mín, ástarstjarnan undir Hraundröngum. Ég skrifa þér þetta bréf í tilefni af brúðkaupsafmælinu okkar sem er nýliðið. Við eigum eftir að rækta ást okkar í mörg ár enn. Fyrirgefðu gallana mína, ég veit þeir eru ýmsir. Þeir koma úr fortíðinni. Með ástarkveðju.

Þinn Guðmundur.

Hugsanir í tilefni ljóðs

Að þú gætir verið þú
var ekki erfitt að skilja
en að ég væri ég
stóð ekki heima

Maður með hugsjónir
og ég
sem undanfarin ár
hef hvorki vitað upp né niður
í mínum eigin skoðunum
marxisti án þess að hafa lesið Marx
lenínisti án þess að þekkja merkingu orðsins
maóisti án þess að hafa hugmynd um neitt kínverskt
nema ljóð Maós
stalínisti án þess að vita nokkuð um sögu Rússlands
kommúnisti án kommúnískra vísinda
sósíalísta án sósíalískra lífnaðarháttá

Líkamlegur þróttur
og ég
sem fyrir einu ári
missti allt sem ég átti þá
og meira til
vegna skorts á líkamlegum þrótti
vegna skorts á líkamlegri innlifun
vegna skorts á líkamlegri fullnægju
hlutaðeigandi –

Vina
samt veit ég
að þú meinar allt sem þú sagðir
þetta kvöld
að þú meinar allt sem þú ortir
í ljóðinu þínu
þess vegna
leið mér svo vel hjá þér
þess vegna
leið okkur svo vel saman
þess vegna kom ég ekki aftur til þín

Þessa nótt
var ég ríkari
en nokkurn tíma fyrr
þessa nótt
veittir þú mér
af auðæfum líkama þíns
og sálar þinnar
þessa nótt
hefði heimurinn getað farist
án þess að mér kæmi það nokkuð við

Vina
ég er hræddur
ég er hræddur við ástina
ég er hræddur við yndislega nótt
sem heldur áfram –
ljúf minning er dýrmæt
en ást sem dvínar
er svo hræðilega sársaukafull

Ef til vill
verð ég ekki alltaf hræddur
en ugglaut
frelstast hugur minn of seint
fyrir okkur –

Vina –
með þökk
fyrir yndislegt ljóð

Það er sama hvað ég reyni

Þegar landið var svart
spenntu klakar lófum sínum
um ungt hjarta mitt
samt kom yfir mig undarleg værð
líkt og ilmandi rósasveigur
væri færður á höfuð mitt
það var þá

Ofan af jöklinum
renndi ég mér á hrossaleggjum
beitti fyrir mig reglustikum
og þaut um loftin
líkt og fuglinn fljúgandi
án viðkomu
án snertingar
fann ég
og finn enn
hraðann ólga í blóði mínu
hraðann lemja kinnar mínar
hraðann sprengja loft mitt
ég flýg –

Um götuna geng ég
gamall maður með skegg
finn sprengjuna byltast í enni mér
líkt og hún vilji segja mér eitthvað
ég vík fyrir gangandi ljósaskiltum
klóra mér á bakinu
fer heim og legg mig

Er furða þótt ég blási
og hvási
og spýti rauðu á hélaða götuna?
hún sem þoldi ekki blöðin mín
og gerði úr mér mann

Eitt augnabliks andartak
sá ég sjálfan mig
og greip mig
ég vildi ekki láta mig hverfa
út í ókunnugleikann
og andapollinn
ég ætlaði að reyna að varðveita mig
og setja á mig lykla

Góða kona
þú hefur bjargað mér
sál mín er hólpin
því að þú komst í veg fyrir
að ég gerði út af við sjálfan mig
með lyklum
sem ég var of veikburða til að bera
þú fannst aftur blöðin mín

Ekki veit ég hvernig
og ekki veit ég hvers vegna
því síður hvar
en það er einhvern veginn svona
sem mig langaði að segja við þig
nú
en það er eins og blaðið sé of hvítt

Ég hef drukkið of mikið af víni
annarra manna
til að geta gefið öðrum að drekka
þess vegna er sopinn aðeins ljúfur
ef þú andar vel að þér
tekur fyrir nefið
og svelgur hann
– ef til vill væri best að búa til úr honum pillu

Erum við öll hinsegin?

Að aflokinni gleðigöngu spurði gamall vinur:
Erum við ekki öll hinsegin eins og forsetinn sagði?
Ekki til að draga úr vægi dagsins
heldur einmitt til að sýna fram á nauðsyn hans
Hann fengi okkur til að hugsa
Og skilja

Þetta snýst ekki um að geta skipað sjálfum sér
í einhvern viðurkenndra flokka hinsegin fólks:
hómó -
trans -
pan -
pólý -
streit -
eða hvað sem er

Ég er einstakur
við erum öll einstök
og ást mín er ekki bundin eigin kynhneigð
eða kynhneigð annarra
heldur þeim yndislegu persónum
sem ég elska

Ég er hinsegin

Allt er eitt

Fagur og ljúfur er lögur
í lyndi blása vindar
skýlaus er himinn heima
hlý er sól að nýju
Morgunsins fegurð fjörgar
full er leið af gulli
Fljúga þar flugur snarar
fagnar óðum gróður

Eins er með ást í brjósti
ann ef kona manni
geðin af glóðum tendrast
gefin er birta í sefa
Leika um hugann logar
ljúfir sem dúfur flögra
Gaman er glaums að njóta
gleðin er með í hjarta

Lát oss nú lífið kyssa
laufum í hjartanu skarta
logandi fegurð fugla
finna brjóstin ljósta
sólina verma sálu
syngja öll með fjöllum
eiga með fríðu fljóði
fullkomna stund í lundi

Víst er þér margt til lista lagt

Allt kanntu
Þú ert meistari í matargerð
Þú ert meistari í bakstri
Þú ert meistari í ræktun

Allt kanntu
Þú ert meistari í föndri
Þú ert meistari í hannyrðum
Þú ert meistari í ritun

Allt kanntu
Þú ert meistari í bókmenntum
Þú ert meistari í kennslu
Þú ert meistari í skapandi skrifum

Allt kanntu
Þú ert meistari í mannþekkingu
Þú ert meistari í að umgangast börn
Þú ert meistari í að vera með öðruvísi fólki

Allt kanntu
Þú ert meistari í að elska
Þú ert meistari í að vera elskuð

Í hverju ætlarðu að taka doktorspróf?

– Þú ert mikill lánsmaður, Guðmundur ...

Taktu mig aftur í sátt

Ja-ja-já-já-ja-ja-já
Ja-ja-já-já-ja-ja-já

Ég er aleinn og aumur og þú ert betri en tár
og í sorg minni hlæ ég því himinninn hann er svo grár

Taktu mig aftur í sátt því að sólin er betri en ég
Taktu mig aftur í sátt því að sólin er betri en ég

Með þér eru stundirnar styttri því þú ert svo heit
þú ert heilög og töff, ég er hrifnari en dagurinn veit

Taktu mig aftur í sátt því að sólin er betri en ég
Taktu mig aftur í sátt því að sólin er betri en ég

Ja-ja-já-já-ja-ja-já
Ja-ja-já-já-ja-ja-já
Ja-ja-já-já-ja-ja-já
Ja-ja-já-já-ja-ja-já

Taktu mig aftur í sátt því að sólin er betri en ég
Taktu mig aftur í sátt því að sólin er betri en ég
Taktu mig aftur í sátt því að sólin er betri en ég
Taktu mig aftur í sátt því að sólin er betri en ég

Eftir laginu Take Me Away

Ástarsorg

Ne-ne-nei-nei-ne-ne-nei
Ne-ne-nei-nei-ne-ne-nei

Ég er aleinn og aumur og yfirgefinn af þér
og í sorg minni græt ég og vorkenni sjálfum mér.

Taktu mig aftur í sátt því að ég er vesæll og smár
Taktu mig aftur í sátt því að ég er vesæll og smár

Með þér voru stundirnar góðar og ástin svo heit
Þú ert fegursta stelpa sem nokkurn tíma ég leit

Taktu mig aftur í sátt því að ég er vesæll og smár
Taktu mig aftur í sátt því að ég er vesæll og smár

Ne-ne-nei-nei-ne-ne-nei
Ne-ne-nei-nei-ne-ne-nei

Taktu mig aftur í sátt því að ég er vesæll og smár
Taktu mig aftur í sátt því að ég er vesæll og smár
Taktu mig aftur í sátt því að ég er vesæll og smár
Taktu mig aftur í sátt því að ég er vesæll og smár

Það eitt skiptir máli

Svo fjarri er fólakuprett og tál,
fegurðin lýsir upp mína sál
Í ástinni eyðist sérhvert þrjál
það eitt skiptir máli

Í ástinni opna ég minn hug
við eigum í hjarta voru dug
Orðin þín eggja mig á flug
það eitt skiptir máli

Ég leita og loksins finn í þér
sem leitaði ég hjá sjálfum mér
Önd mín um auðug háloft fer
það eitt skiptir máli.

Engu skipti skyn og trú
Engu skiptu börn og bú
Fyrr en nú

Svo fjarri er fólakuprett og tál,
fegurðin lýsir upp mína sál
Í ástinni eyðist sérhvert þrjál
það eitt skiptir máli

Engu skipti skyn og trú
Engu skiptu börn og bú
Fyrr en nú

Í ástinni opna ég minn hug
við eigum í hjarta voru dug
Orðin þín eggja mig á flug
það eitt skiptir máli

Ég leita og loksins finn í þér
sem leitaði ég hjá sjálfum mér
Önd mín um auðug háloft fer
það eitt skiptir máli.

Engu skiptu skálksins völd
Engu skiptu ráðin köld
Engu skipti skyn og trú
Engu skiptu börn og bú
Fyrr en nú

Svo fjarri er fólkskuprett og tál,
fegurðin lýsir upp mína sál
Í ástinni eyðist sérhvert þrjál
það eitt skiptir máli

Þú ert farin

Elsku fagra yndisljúfan
órafjarlægð milli ber
á milli þín og mín
Þú ert horfin heim frá mér
hryggur sit ég einn og sér
hryggur sit ég einn og sér

Manstu ekki er við mættumst
á móti uppi í sveit
af öllu og engu kættumst
þá ástin var svo heit

Elsku fagra yndisljúfan
órafjarlægð milli ber
á milli þín og mín
Þú vildir ekki eiga mig
einn ég sit og þrái þig
einn ég sit og þrái þig

Eftir laginu Dominique.

ÞÝDD LJÓÐ

Það er allt

En hve hún flöktir angurvært!
sængin hefur dregist niður
gaslugtin teygir úr sér og starir á axlir konunnar minnar

Ég skal breiða yfir þig, mín sofandi eiginkona
og ég skal draga rúllugardínuna niður
gaslugtin fær ekki að sjá
þetta bjarta sem ég á

Ég ætla að þrýsta tveimur kossum á spékoppa þína
– sem brosa í svefni –
og á fingur þína
og á trúlofunarhringinn
og á silfurkrossinn um hálsinn

Ég ætla að læðast upp í til þín
og hlýja mér hjá þér
og gleyma
að stundum erum við ekki eins og við ættum að vera
hvort við annað

Kvæði um ást

Tölum um ást:
hvernig þú heldur á bolla
hvernig þú ræðir stjórn mála
hvernig þú gengur að glugganum

Jú þegar við tölum um ást:
hárið á þér liðast þegar þú svitnar
pilsíð strengist yfir lærin á þér
þú þarft svo litla hanska á hönd þína

Víst vil ég tala um ást:
þú staðnæmist og lætur útsýnið streyma að þér
þú opnar bók og leggur hana flata í höndina
þú teygir úr fótunum undir borðinu þegar þú borðar
hádegismatinn

Svo sannarlega vil ég tala um ást:
þú klæðir þig úr kjólnum á svo eðlilegan hátt
þú kaupir blaðið og tekur með þér heim þegar þú hefur
verið úti
þú ekur aðeins of hratt þegar þú notar bílinn

Ég skal ekki tala meira um ást, bara þetta:
þú veist nákvæmlega hvernig á að fara með þvottavélina
þú veist hvað þú gerir þegar þú stingur nöktu læri fram
undan sænginni
þú hefur þitt eigið handbragð þegar þú festir á tölu

Simen Skjónsborg (1920 – 1993)

Elskendurnir sönnu

Þetta eru elskendurnir
þau eru nafnlaus
– saga þeirra aðeins til fyrir hvort annað
og þetta er herbergið, rúmið og glugginn
Láttu eins og þetta sé helgiathöfn
losaðu um rúmfötin, feldu elskendurna
myrkvaðu gluggana
leyfðu þeim að dvelja í þessu húsi
í einn eða tvo mannsaldra
Enginn vogar sér að trufla þau
Gestir á ganginum tipla á tám
framhjá löngu læstum dyrunum
hlusta eftir hljóði, eftir andvarpi eða söng
Ekkert heyrst – ekki einu sinni andardráttur
Þú veist að þau eru ekki dáið
þú finnur návist ákafrar ástar þeirra
Börn þín vaxa úr grasi, flytja burt frá þér
þau eru orðin hermenn, orðin knapar
Maki þinn deyr eftir ævilanga dygd
Hver þekkir þig? Hver minnst þín?
En í húsi þínu fer helgiathöfn fram
Henni er ekki lokið. Það vantar fleira fólk
Dag einn er dyrunum lokið upp
að herbergi elskendanna
það er orðið að þéttgrónum garði
fullum lita, ilms og hljóða sem þú hefur aldrei kynnst
rúmið er slétt eins og obláta sólskins
og stendur eitt í garðinum miðjum
Í rúminu elskast elskendurnir og njóta ástar sinnar
hægt, úthugað, hljóðlega
augu þeirra eru lokuð

eins þétt og ef þungar kjötsneiðar lægju á þeim
varir þeirra eru marðar - marið er gamalt og nýtt
hár hennar og skegg hans eru rammflækt saman
þegar hann ber varir sínar að öxlum hennar
er hún ekki viss um hvort þær kysstu
eða voru kysstar
allt hold hennar er eins og munnur
hann strýkur fingrum sínum um mitti hennar
og finnur að gælt er við hans eigið mitti
hún dregur hann að sér
og armar hans sjálfs taka fastar um hana
hún kyssir höndina sem liggur við munn hennar
hvort höndin er hans eða hennar skiptir litlu
kossarnir eru svo margir eftir
þú stendur við rúmið grátandi af hamingju
þú flettir rúmfötunum varlega
af líkömunum sem hreyfast svo hægt
augu þín eru full af tárur, þú rétt grillir í elskendurna
Meðan þú afklæðist syngurðu
og rödd þín er magnþrungin
því að nú trúir þú því
að hún sé fyrsta mannlega röddin
sem heyrir í þessu herbergi
fötin sem þú lætur falla breytast í vínvið
þú skríður upp í rúmið og endurheimtir hold þitt
þú lokar augunum og leyfir þeim að límast aftur
þú býrð til faðmlag sem þú sekkur í
þú finnur aðeins eitt andartak sársauka eða vafa
þegar þú brýtur heilann um hve margar mergðir fólks
liggi við hlið þér
en munnur kyssir
og huggandi hönd strýkur þetta andartak á brott

Leonard Cohen (1934 –)

Að elska

Afgerandi
brosa líkamar okkar
hlýlega hvor upp við annan
þrýsta holdi að holdi

Ómerkjanleg
köld óró
í öllu því hlýja
sem við viljum veita öðru

Net
bannfærðra áleitinna augna
fjarlæggra óþekktra lífvera
leggst yfir nautn okkar

Eistu mín
hanga að aflokinni girndinni
eins og nýdauðir barnsfætur
úr nýdauðu móðurlífi
í undarlegri veröld
hinum megin á hnettinum

Gunnar Lunde (1944 – 1993)

Svar til Lí Sjújí

Ég missti mína stoltu Jang
þú misstir þinn Líú
Bæði gengu þau beint
inn í þann hæsta
hinna níu himna
Þau spyrja Vú Kang
hvað hann hafi á boðstólum
og Vú Kang gefur þeim kassíavín

Mánagyðjan
hin einmana Tsjang Ó
breiðir út víðar ermar sínar
hún dansar fyrir hina tryggu
í voldugu andrúminu
Allt í einu
berast þær fréttir frá jörðu
að tígrisdýrið sé fallið
Sem þétt regn
falla þá gleðitár þeirra

Maó Tse-túng (1893 – 1976).

– Ort í maí 1957. Lí Sjújí er kennari í Tsjangsjá. Hún er ekkja eftir Líú Tsíhsún, fornvín Maós. Eiginkona Maós, Jang Kæhúí hafði verið góð vinkona Lí en Kúómíntang-liðar tóku Lí af lífi árið 1930. Vú Kang er vera úr kínverskri goðafræði. Kassíavin var mjöður hinna ódauðlegu. Tsjang Ó stal víninu og komst undan með það til mánans. Vistin þar varð henni ópolandi einmanaleg, segir goðsögnin. Tigrisdýrið er hér tákn fyrir þá sem börðust gegn Rauða hernum.

Þú þarft ekki

Þú þarft ekki að elska mig
bara af því
að þú ert allar konurnar
sem ég hef þráð
Ég fæddist til að elta þig
hverja nótt
þar sem ég er enn
mennirnir mörgu sem elska þig
Ég hitti þig við borðið
ég tek um hönd þína
í virðingarverðum leigubíl
Ég vakna einn
hönd mín hvílir á fjarveru þinni
í Hóteli Röð og reglu

Ég skrifaði alla þessa söngva fyrir þig
ég brenndi rauð og svört kerti
í laginu eins og karl og kona
Ég giftist reyknunum
úr tveimur pýramíðum úr sandelvið
Ég bað fyrir þér
ég bað þess að þú elskaðir mig
og að þú elskaðir mig ekki

Leonard Cohen (1934 –)

Fjallalind

Pínulitlir hælur tifa
eins og skeifur
Stúlka hleypur
 að lindinni
til að svala þorstanum!

Mjótt mitti, geislandi
eins og höggormur
Kjöllinn flaksandi –
skvettur úr garðslöngu

Stúlkan hlær
og dýfir hugdjörf
heitu enninu
niður í svala lindina!

Ó undarlegu lindir:
Hvor var hvor?
Hvor var stúlka?
Hvor var lind?

Andrej Voznesenskij (1933 – 2010)

Boðið upp í dans

Ég hef horft lengi á þig
þú veist það
þú sýnir mér fallegan líkama þinn
barmur þinn veifar til mín
og segir flýttu þér hingað!
læri þín brosa hlýlega
ég sagði ég vil sjá mjaðmir þínar dansa
þú biður mig að kyssa þig
ég segi þú sért falleg
þig er ég lengi búinn að þrá
segir þú
þú ert með falleg augu segi ég
þú hefur fallega rödd segir þú
ég segi lengi hefur mig dreymt um
að strjúka hár þitt
þú segir ekkert en brosir
komdu segi ég
við hittumst
ég bauð þér upp í dans

Arvid Torgeir Lie (1938 –)

Æ níd jú darling

Æ dónt níd jú nómor
bakvið tvöföld gluggatjöld
við skriðum lengra inn í sjálf okkur
brynjum okkur gegn áhyggjum sjónvarpsins
brynjum okkur gegn óvæntum augnablikum

Þegar myrkrið skellur á
og bílarnir aka í ljósgeislanum
stöndum við úti við gluggann eins og stytur
upplýst aftan frá
með gula kafbátinn í eyrunum
og ókunnar hugsanir í höfðinu

Síðan er skipt um plötu
hléð er að falla niður í sprungu
hæ læt and grín grass
verður þú herra atburðarásarinnar
er veggurinn nógu stöðugur
er myrkrið nógu dimmt
ó bigg hitts of Rolling Stones
kuldinn leggst yfir í nótt
að morgni verður dagurinn rauður
eins og hitasóttarsjúklingur

Simen Skjönsberg (1920 – 1993)

Hlýja kona

Hlýja kona
undarlegt

að flota okkar
rak saman
í ólgandi sænum

að flotar okkar
sigldu saman
að kyrrlátri höfninni
þar sem við byggðum hús okkar
úr vatnsósa leifum flotanna

undarlegt

að hinir flotarnir
á ólgandi sænum
rákust á með þungum dynkjum
og trufluðu svefn okkar

hlýja kona

að löðurtoppar sjávarins
fossuðu í gegnum vegginn
svo að við lágum snöktandi
og snerum baki hvort að öðru
meðan við heyrðum
flotana mölva hver annan

þarna langt úti í dimmri nóttinni
fundum kuldann steypast yfir líkama okkar
án þess að geta flutt okkur um set

kona

Gunnar Lunde (1944 – 1993)

Dýpst kropið á kné

Ég vil dansa
ég vil dansa fyrir þig
í skini náttlampans
kjólinn losar þú af mér
og hárið fær að falla frjálst

Ég vil dansa ungan dans
eftir söngnum inni í mér
og eftir tónum spenntra strengja

Þú skalt vera nálægt
þú skalt falla á kné
við fætur mér
þú skalt liggja á hjánum
í hálfbirtunni
lengi

Karlmaður á hjánum
frammi fyrir dansandi konu
dýpst kropið á kné
og eftirvæntingarfullt

Marie Takvam (1926 – 2008)

Gamlar konur

Ungu fótlipru konurnar – hvað verður af þeim?
þær hafa hné eins og litla kossa og sofandi hár

Löngu síðar þegar þær eru orðnar hljóðlátar
gamlar konur með grannar hendur og ganga hægt um
tröppurnar
með stóra lykla í veskinu og líta í kringum sig
og tala við lítil börn við kirkjugarðshliðin
í ókunnu stóru landi, þar sem veturnir eru langir
og enginn skilur lengur mál þeirra

Hneigðu þig djúpt og heilsaðu þeim af virðingu
því að ennþá bera þær það með sér eins og angan

Leyndur herpingur í kinn, titrandi taug einhvers staðar
í lófa – kemur upp um þær

Allt sköpunarverkið stynur

Allt sköpunarverkið stynur
Nötrandi spyr það
bylgjandi hvíslar það

Fuglarnir þyrpast saman
lesa í augu hver annars

Og að vestan
rær vindurinn svo þungt
og að austan
niðar æðasláttur sjávarins

Sköpunarverkið þjáist

Blómin við rætur furunnar
skilja það ekki

Lækir og elfur
þjóta – hvert?

Maður mætir manni:
Hver ert þú?

Konur fæða
og deyja

Þar sem leiðir skerast
stendur hvítur kross
yfir honum er slæða
úr blóðdropum

Þar krýpur kona á kné
Hvíti kross!
Hvað er það að elska?

Ég hef spurt frjóvegu Jónsmessublómsins
þegar sólin rann
Ég hef spurt gárur tjarnarinnar

Ég hef setið undir aski gauksins
um miðnæturbil
hann söng um angurværðina og flaug burt

Og ég kom langt inn í stóran skóg
til fjörgamals spámans

Hann var svo vitur
skegg hans var svo hvítt

„Ást – hana þekkir enginn.
Þrá – hana þekkjja allir.“

Fætur mínir eru sárir
augu mín eru þreytt
hjarta mitt svo þungt

Hvíti kross
hví grætur þú blóði?
Er ástin dauði?

Þá draup aldinfjó af blóðdropaþyrpingunni
þá skutu blómmunnarnir blómum
þá var muldrað ástúðlega í földum lindum
þá hríslaði og freyddi í lækjum og elfum
þá sáldraðist, fossaði, kyssti og blossaði:
„Þar til nú, þar til nú, þar til nú!“

Og að vestan
kemur þjótandi vængjatak stormsins
og að austan
kemur freyðandi andardráttur hafsins
í glóandi geislum!

Allt sköpunarverkið fagnar!
því að jörðin er þunguð!
og ástin, hún kemur
kemur
með sumar
með glóandi geisla
kemur með sársauka
með veraldaryndi!

Sigbjørn Obstfelder (1866 – 1900)

Ég held höfði þínu

Ég held höfði þínu
í höndum mér eins og þú heldur á
hjarta mínu með veiklyndi þínu
eins og allt heldur og er haldið
af einhverju öðru en sjálfu sér
eins og hafið lyftir steini
til strandarinnar – eins og tréð
heldur þroskuðum ávöxtum haustsins eins og
hnettinum er lyft upp í gegnum hnattrúmið
þannig heldur eitthvað á okkur báðum
og lyftir okkur þangað sem vandamálið heldur
á vandamálinu í hendi sér

Stein Mehren (1935 –)

Frá þollaustum stundum

Hnakki minn hrópar
á koss –
– koss frá þér –
– í dag
það eru annars ekki svo margir staðir
sem þú hefur hlaupið yfir
en hnakki minn harmar
að þér kom ekki í hug
að kyssa hann
 að kyssa hann
einmitt í dag

Magli Elster (1912 – 1993)

Við skulum leika okkur

Taktu við gerfíblómunum mínum
og fjölrítuðu ástarjátningunni
– lýsingarorðin í henni eru verk sérfræðinga –
taktu við sykurlífu hjarta mínu
og segðu já

Svo getum við farið
og látið segulband vígja okkur
til eilífrar tryggðar
í verkamannablokkunum

Farðu í bestu fötin þín
og settu upp nýjasta brosið
við skulum þykjast vera
fólk

Maginn

- Kyrktu mig, er hvíslað.

Eins og heitur suðaustanvindurinn frá svörtu
hyldýpinu.

Síðan er þögn, langt slen og myrkur sem linast og
augun tvö, augun tvö með nýja augnaráðið.

Allt í einu stekkur hún fram úr. Hún dregur
gluggatjöldin frá, stekkur upp í gluggann. Hún er nakin.

- Sérðu mig?

Þarna inni nóttin. Þarna úti dagurinn.

Bleikir geislar morgunsins falla á þrútinn maga
konunnar.

Þetta háa, hvíta á milli næturinnar og dagsins, var
þetta eiginkona hans?

- Sérðu mig?

- - - Og hann dragnast af stað í kaldri grábirtunni í
átt til hafnarinnar. Ólyktina leggur af fiskúrganginum.
Í grágrænu vatninu mætir hann sínu eigin andliti,
heimskulegu, dauðu.

Mókir upphafið að barni hans þarna inni í þrútnum,
sjóðandi maganum?

Sigbjørn Obstfelder (1866 – 1900)

TVÖ ERFILJÓÐ

Kveðja frá syni

Guðrún Árný Guðmundsdóttir
f. 27. febrúar 1920 – d. 23. nóvember 1965

Ó, móðir mín kæra, ég kveðju til þín ber,
með kærleiksfullum huga þér þakkar senda ber.
Mig þú hefur annast með ást frá fyrstu tíð
unga drenginn styrkti móðurhöndin blíð.
Núna ertu horfin en hlustar samt á mig
er hryggur nú ég reyni að yrkja ljóð um þig.

Þú fæddir litla Hreiðar sem hvarf á braut svo skjótt.
Þú harmi þínum leyndir þótt dimmdi skjótt af nótt.
Svo eignaðist þú stúlkur þær sem til sín drottinn tók,
það táraflóði olli og sálarharminn jók.
En hreysti þín og orka, hún græddi sárin gljúp,
þú gekkst á ný til lífsins þótt sorgin væri djúp.

Þú eignaðist drengi fjóra, Hreiðar þór og hinn
sem hripar þessar línur og Matta og Sigga þinn.
Og syni þína litlu, þá ólstu upp með dug
og elsku þeim þú kenndir með þínum blíða hug.
Því hugdirfð þín og kraftur kenndi drengjum vel
og kjarkur þinn til lífsins efldi hugarþel.

Þótt börnum þínum gefa þú mættir mjólk og brauð
þá miklar sorgir kvöldu, þú leystist ei frá nauð
því heilsan þín hún laskaðist í lífsins kalda snjó.
Samt lamaðist ei sálin þín því inni fyrir bjó
þrek og dirfð mót kvölum og kjarkur, harður, stór,
og kveinstöfum þú gleymdir þótt þrengdi dauðans skór.

Og trúin þín á Drottin var dæmalaus og sterk
þótt dagsins kvalir þíndu með særindum og verk,
þú elskaðir það sem lifir og lífið móti skein
þótt linuðust þínir fætur og veiktust öll þín bein
því sálin þín var heiðrík og hugur þinn var knár
og hjarta þitt var blíðlynt þótt ýfðust gömul sár.

Við vitum öll að launin sem ljúfa hjartað fær
er líðan betri er syni og dætrum sín er nær.
Þú ert ætíð nærri og hjálpar okkar hug,
herðir okkar sálu og gefur kjark og dug.
Nú stríði þínu er lokið og kinnin þín er köld.
Ég kveð þig svo mín móðir, við hittumst seinna í kvöld.

Kveðja frá sonum

Sæmundur Bergmann Elimundarson
f. 6. október 1915 – d. 17. desember 2002

Lítillátur, vænn og viðmótsgóður
með vinarhug hann okkur gaf sín ráð.
Réttsýnn, sannur, friðsamur og fróður,
fyrirmyndin hvar sem að var gáð.
Þú komst og fórst en vísaðir til vega
með vinsemd þinni, þakkir eilíflega.

Að vinna heill og vera stéttarprýði
er vegsemd manns ein mesta á jörðu hér.
Þótt heimför þabba í hjarta voru sviði
og hryggir söknum þess sem horfinn er
frá sjúkdómskvölum fékk hann líkn að launum.
Lífið hans var blanda af gleði og raunum.

Hans andlát hægt á hlýjum vetrardegi
er hljóðlát tákni frá Drottins háa sal:
Vor góði faðir gengur nýja vegi
í gróðursælum, himinbjörtum dal.
Í sál okkar er hryggð og hnípinn tregi
en – hittumst aftur, pabbi, á efsta degi!

EFTIRMÁLI UM BOB DYLAN

Fyrir mörgum árum þýddi ég ýmis ljóð eftir Bob Dylan (1941 –). Ég reyndi að fá leyfi umboðsmanns hans til að gefa út þýðingar á ljóðum hans og stutt æviágrip. Eftir langar stundir án svara var beiðninni loks hafnað. Ég vona að mér verði fyrirgefið þótt ég birti hér smávegis úr þessum þýðingum, þrjú ástarljóð.

Stúlka að norðan

Ef þú átt leið um fegurðina fyrir norðan, þar sem vindarnir blása við landamærin, mundu eftir að skila kveðju til einnar sem þar á heima. Hún var eitt sinn mín sanna ást.

Ef þú ferð þar þegar snjókornin lemjast, þegar árnar frjósa og sumri lýkur, gáðu hvort hún er í nógu hlýrri úlpu til að verjast ylfrandi vindunum.

Gáðu fyrir mig hvort hár hennar er slegið, hvort það bylgjast niður yfir brjóstin. Gáðu fyrir mig hvort hár hennar er slegið því þannig man ég hana best.

Ég velti því fyrir mér hvort hún muni nokkuð eftir mér. Oft hef ég beðið þess í myrkri næturinnar og birtu dagsins.

Svo að ef þú átt leið um fegurðina fyrir norðan þar sem vindarnir blása við landamærin, mundu eftir að skila kveðju til einnar sem þar á heima. Hún var eitt sinn mín sanna ást.

Ég fleygði því öllu frá mér

Eitt sinn hélt ég henni í örmum mér, hún sagðist alltaf verða hjá mér. En ég var grimmur, ég fór með hana eins og bjáni. Ég fleygði því öllu frá mér.

Eitt sinn hélt ég á fjöllum í lófa mér og ám sem runnu um sérhvern dal. Ég hlýt að hafa verið óður. Ég vissi ekki hvað ég átti fyrr en ég hafði fleygt því öllu frá mér.

Ástin er það eina sem skiptir máli. Af hennar völdum gengur heimurinn sinn gang. Ást og aðeins ást, því verður ekki neitað. Það er sama hvað þú heldur, þú getur ekki án hennar verið. Hlustaðu á ráð þess sem hefur reynt.

Ef þú finnur einhverja sem gefur þér alla sína ást, varðveittu hana þá í hjarta þér. Láttu hana ekki líða hjá því eitt er víst – þú munt örugglega særa einhvern ef þú fleygir því öllu frá þér.

Stígvél úr spænsku leðri

Ó, nú sigli ég í burtu, mín eina sanna ást. Ég sigli burt í fyrramálið. Er eitthvað sem ég get sent þér handan hafsins? Frá staðnum þar sem ég lendi?

Nei, það er ekkert sem þú getur sent mér, mín eina sanna ást, það er ekkert sem mig langar til að eiga. Flyttu sjálfa þig aðeins heila heim frá staðnum handan einmanalegs hafsins.

Ó, en ég hélt bara að þig kynni að langa í eitthvað fallett, gert af silfri eða gulli, annaðhvort frá fjöllum Madridar eða af ströndu Barcelónu.

Ó, ef ég ætti stjórnur dimmra náttu og demanta sjávarins djúpa gæfi ég þá fyrir sætan koss frá þér því hann þrái ég meira en nokkuð annað.

Kannski verð ég lengi í burtu svo ég bið þig aðeins um eitt. Get ég sent þér eitthvað sem minnir þig á mig og léttir þér þannig biðina?

Ó, hvernig í ósköpunum geturðu spurt mig enn á ný? Það færir mér aðeins sorg. Á morgun þrái ég hið sama og ég þrái mest frá þér í dag.

Ég fékk bréf einn einmanalegan dag. Það barst af skipinu sem hún sigldi burtu með. Í bréfinu stóð: Ég veit ekki hvenær ég sný aftur, það ræðst af líðan minni.

Jæja, ástin mín, fyrst þú hugsar þannig er hugur þinn á reiki. Hjarta þitt er ekki lengur hjá mér heldur landinu handan hafsins.

Gefðu því gaum, gefðu gaum að vestanvindinum, gefðu gaum að óveðrinu. Og raunar, það er eitt sem þú gætir sent mér, spænsk stígvél úr spænsku leðri.